SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLADEILDAR

2025 – 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

Menntasvið Kópavogs

Efnisyfirlit

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar....3
Inngangur....4
Þjónusta sálfræðinga....4
Þjónusta talmeinafræðinga....5
Þjónusta iðjuþjálfa....6
Verkefnastjórar skólaþjónustu, ráðgjöf og samstarf....6
Ráðgjafateymi sérfræðinga á grunnskóladeild....7
Fjölbreyttur menningar- og tungumálabakgrunnur nemenda....8
Úthlutunarreglur....9
Úthlutun til nemenda sem búið hafa 4 ár eða skemur á Íslandi....10
Upplýsingatækni í skólastarfi....10
Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti....11
Fagteymi um réttindi og velferð barna....11
Góður grunnur – stuðningur við upphaf skólagöngu....12
Atvinnutengt nám....12
Sjúkrakennsla....13
Vandi með skólasókn....13
Námskeið fyrir börn og foreldra....15
Uppeldi barna með ADHD....15
Sérdeildir....15
Sérdeild í Álfhólsskóla....16
Sérdeild í Salaskóla....16
Námsver, sérdeild í Kópavogsskóla....16
Smiðjan, sérdeild í Snælandsskóla....17
Waldorfskólinn Lækjarbotnum....17
Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu....17
Viðbætur og lokaorð....18

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar


Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar mótast af heildarsýn á skóla fyrir öll börn, velferð þeirra og farsæld. Börnum í grunnskólum er búið námsumhverfi sem gefur þeim tækifæri til að nýta styrkleika sína á sama tíma og þeim er hjálpað til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Stuðningur við nemendur einkennist af virðingu fyrir þeim, umburðarlyndi gagnvart þeim og metnaði og væntingum í þeirra garð. Lögð er áhersla á forvarnir og samvinnu við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem vinna með börnum og fjölskyldum.

Að jafnaði eru um 5000 nemendur í grunnskólum Kópavogsbæjar sem urðu 11 með tilkomu Barnaskóla Kársnes haustið 2025.

Stefna Kópavogsbæjar um skóla fyrir öll börn og stuðning við þau tekur mið af lögum um grunnskóla nr. 91/2008, barnalögum nr. 76/2003, barnaverndarlögum nr. 80/2002 (hér er sérstaklega bent á 17. gr. sem ræðir tilkynningaskyldu þeirra sem starfa samhliða börnum), lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, öðrum alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og réttindum fatlaðs fólks.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir umfangi skólaþjónustu grunnskóla Kópavogsbæjar skólaárið 2025-2026.

Myndin hér að neðan sýnir hvernig þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk grunnskóla Kópavogs er háttað af hálfu grunnskóladeildar.



Skólaárið 2022-2023 voru tekin mikilvæg skref í átt að nánara samstarfi menntasviðs og velferðarsviðs með innleiðingu laga nr. 86 um *samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna* sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2021. Þetta samstarf hefur frá fyrsta degi gengið mjög vel og verið báðum sviðum til heilla þegar kemur að samvinnu um málefni barna með stuðningsþarfir og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu og foreldra þeirra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Inngangur

Skólaþjónusta grunnskóla í Kópavogi er í stöðugri þróun og markvisst er leitað leiða til að koma til móts við öll börn út frá hugmyndafræði inngildingar.

Á haustdögum skólaárið 2021-2022 hófst vinna eftir nýrri Menntastefnu Kópavogsbæjar til ársins 2030 sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í október 2021. Menntastefnan er sameiginleg sýn um framtíðaráherslur í menntun og frístundastarfi í Kópavogi og grundvallast í gildum sveitarfélagsins um *umhyggju – framsækni – virðingu* og *heiðarleika*. Að auki hefur menntastefnan aðrar samþykktir og áætlanir sveitarfélagsins til hliðsjónar eins og; *gæðastefnu*, *jafnréttis- og mannréttindaáætlun*, *lýðheilsustefnu*, *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna*.

Skólaþjónusta grunnskóladeildar Kópavogsbæjar kemur til móts við nemendur sem hafa þörf fyrir þjónustu:

- Sálfræðings vegna sálræns og/eða félagslegs vanda og sálfræðilegs frummats.
- Talmeinafræðings vegna málþroskamats, málþroskagreiningar og talþjálfunar.
- Iðjuþjálfa vegna ráðgjafar í skólaumhverfi og greiningar og ráðgjafar á skynúrvinnslu.
- Kennsluráðgjafa vegna fjölbreytts menningar- og tungumálabakgrunns.
- Kennsluráðgjafa vegna aðlögunar náms og kennslu fyrir öll börn sem á þurfa að halda.
- Kennsluráðgjöf um stafrænar lausnir og sértækan tæknibúnað til stuðnings við nám og farsæld.
- Atferlisráðgjafa vegna hegðunarmótandi nálgunar í námi og starfi.

Þjónusta sálfræðinga

Sálfræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og eru fulltrúar skólaþjónustunnar í nemendaverndarráði hvers skóla. Sálfræðingar eru með starfsstöð í viðkomandi grunnskólum og starfa undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Þeir bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda nemenda í samvinnu við þá, foreldra þeirra og annað fagfólk. Sálfræðingar annast jafnframt fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um málefni sem er á þeirra sérsviði.

Skólaárið 2025-2026 voru 442 beiðnir til sálfræðinga grunnskólanna. Nánari upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflu.

Beiðnir til sálfræðinga í grunnskólum	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Heildarfjöldi mála	590	427*	414	442
Lokið	360	322*	267	242
Í vinnslu	87	67*	47	94
Á bið	143	70*	100	106

*Vegna breytinga á beiðnakerfi gæti verið skekkja í talningu á fjölda beiðna á milli ára frá 2023-2024.

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið um að biðtími eftir þjónustu sálfræðings sé ekki meira en 3 mánuðir sem náðist í 72 % tilvika skólaárið 2025-2026. Gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Á vormánuðum 2021 var farið af stað með tilraunaverkefni þar sem nemendum í 10. bekk var boðið upp á ráðgjafarviðtöl hjá skólasálfræðingi án aðkomu foreldra. Markmið ráðgjafarviðtala er að nemendur fái tækifæri til að ræða við sálfræðing með skömmum fyrirvara á auðveldan hátt; að þeir hafi greiðan aðgang að lágþröskuldaþjónustu innan skóla. Árgangurinn fékk einnig fræðslu frá

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

skólasálfræðingi um geðrækt og upplýsingar um hvert væri hægt að leita eftir stuðningi og hjálp varðandi einstök mál. Foreldrar fengu kynningarbréf um verkefnið.

Í lok skólaárs 2021-2022 svöruðu nemendur og sálfræðingar könnun um þessa þjónustu. Af þeim sem svöruðu taldi meirihluti nemenda fræðsluna vera gagnlega og að mikilvægt væri að bjóða áfram upp á ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga án aðkomu foreldra. Sálfræðingar töldu þessa þjónustu einnig mikilvæga og þótti ástæða til að bjóða nemendum í 9. bekk upp á hana rétt eins og nemendum í 10. bekk. Á vormánuðum 2026 var rætt um að bjóða einnig viðtöl fyrir nemendur í 8. bekk og ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga yrði því í boði fyrir allt unglingastig grunnskólanna. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um viðtöl fyrir nemendur í 8. bekk.

Sálfræðingar grunnskólanna hafa þjónustað nemendur í 9. og 10 bekk með viðtölum frá skólaárinu 2022-2023. Eins og áður sagði fá nemendur í báðum árgöngum árlega fræðslu frá skólasálfræðingi um geðrækt og upplýsingar um hvert leita skuli eftir stuðningi og hjálp varðandi einstök mál. Við upphaf hvers skólaárs hafa foreldrar fengið kynningarbréf um verkefnið.

Skólaárið 2025-2026 fékk 91 nemandi samtals 211 viðtöl eða sem nemur um 8,4% af heildarfjölda nemenda í 9. og 10. bekk í Kópavogi. Hér að neðan má sjá töflu með yfirliti yfir síðustu ár.

Ósk nemenda um viðtal við skóla-sálfræðing án aðkomu foreldra	**2022-2023**		**2023-2024**		**2024-2025**		**2025-2026**	
	Nemendur	**Viðtöl**	**Nemendur**	**Viðtöl**	**Nemendur**	**Viðtöl**	**Nemendur**	**Viðtöl**
10. bekkur	59	127	70	164	63	131	36	87
9. bekkur	45	81	46	110	42	84	55	124
Samtals fjöldi viðtala	**208 viðtöl**		**274 viðtöl**		**215 viðtöl**		**211 Viðtöl**	

Þjónusta talmeinafræðinga

Talmeinafræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og hafa starfsstöð í grunnskólum bæjarins og starfa undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Við upphaf skólaárs er málþroskaleg staða nemenda í 1. bekk metin og jafnframt er unnið með aðra nemendur sem hafa þörf fyrir talþjálfun. Þá veita þeir ráðgjöf og þjálfun út frá málþroska hvers nemanda. Talmeinafræðingar vinna mest með talþjálfun sem tengist framburði og málþroska og koma að ráðgjöf við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þeir veita ráðgjöf og fræðslu til foreldra og fagfólks og eru í samstarfi við þá aðila sem koma að málum viðkomandi nemenda, t.d. þeirra sem eru í samþættri þjónustu.

Skólaárið 2025-2026 var heildarfjöldi mála talmeinafræðinga 197. Við lok skólaársins var 85 málum lokið, 61 var í vinnslu og 51 nemandi var á bið eftir þjónustu talmeinafræðings, sjá töflu hér að neðan.

Beiðnir grunnskóla til talmeinafræðinga	**2022-2023**	**2023-2024**	**2024-2025**	**2025-2026**
Heildarfjöldi mála	305	234	221	197
Lokið	127	113	99	85
Í vinnslu	99	51	65	61
Á bið	79	70	57	51

Grunnskóladeild hefur sett sér það markmið að biðtími nemenda eftir þjónustu talmeinafræðings sé ekki lengri en 3 mánuðir. Það markmið náðist í 63% tilvika skólaárið 2025-2026. Gæðamarkmið gera ráð fyrir því að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Þjónusta iðjuþjálfa

Iðjuþjálfi starfar með skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og tekur að sér verkefni þvert á grunnskóla bæjarins.

Starf iðjuþjálfa felur í sér mat á þátttöku og færni nemenda með stuðningsþarfir varðandi skólafærni og skynúrvinnslu og ráðgjöf til foreldra og skóla í framhaldi af því. Markmiðið er að efla almenna þátttöku barna í námi og í skólastarfi og að þeim líði vel í húsnæði skólans. Þarfir barnsins geta komið fram í aukinni hreyfifærni umfram aðra nemendur sem og í vanda með skynúrvinnslu og því er liður í þjónustunni að kanna námsumhverfi nemandans í heimaskóla og koma með hugmyndir um aðlögun hans þar. Iðjuþjálfi veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki ráðgjöf og tekur þátt í teymisvinnu og samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum viðkomandi nemanda.

	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Heildarfjöldi mála	65	37	54
Málum lokið	47	25	37
Mál í vinnslu	4	5	8
Mál í bið eftir ráðgjöf iðjuþjálfa	14	7	9

Verkefnastjórar skólaþjónustu, ráðgjöf og samstarf

Verkefnastjórar skólaþjónustu grunnskóladeildar eru tveir. Þeir starfa með ráðgjafateymi sérfræðinga og forvarnarteymi skólaþjónustunnar og koma að stefnumótun og þróunarvinnu á málaflokknum. Verkefnastjórar veita ennfremur ráðgjöf til nemenda, foreldra og skóla og taka þátt í teymisvinnu varðandi nemendur með stuðningsþarfir.

Verkefnastjórar skólaþjónustu koma að málum sem snerta hópa og/eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Þó þessi mál séu hvorki skráð né talin sérstaklega eru þau fjölmörg. Óformleg talning sýndi að málin voru á fimmta tug á skólaárið 2024-2025 og ná bæði yfir hópa og einstaklinga. Dæmi um mál eru þegar nemendum er sýnd hegðun sem getur stofnað velferð þeirra í hættu; eins og einelti, vanræksla og/eða óæskilegri kynhegðun annarra í þeirra garð eða þeirra í annarra garð. Talning fyrir skólaárið 2025-2026 leiddi í ljós að málin voru nokkuð fleiri en árið áður eða á sjötta tug.

Verkefnastjórar koma að viðbótarúthlutun til skóla vegna barna með stuðningsþarfir umfram þær sem veitt er úthlutun fyrir í almennu úthlutarmódeli sveitarfélagsins og umsóknum í sérdeildir grunnskóla Kópavogsbæjar. Þeir halda utan um skólaakstur nemenda með fötlun, sjá um samninga við verktaka sem starfa innan skólaþjónustu grunnskólanna og funda reglulega með þeim. Verkefnastjórar sjá um fræðslu til skólasamfélagsins um tiltekin málefni tengd námi, velferð og starfi nemenda og má þar til að mynda nefna fræðsluerindi um inngildingu, lestur, læsi og skólasókn/-forðun.

Verkefnastjórar skólaþjónustu eru í virku samstarfi við helstu stofnanir sem hafa með málefni nemenda að gera. Hér má nefna *Landsteymið* sem starfar á grundvelli farsældarlaga hjá *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu*, *Ráðgjafar- og greiningarstöð* og *Geðheilsumiðstöð barna*. Þá sitja þeir í samráðsteymi heilsugæslunnar ásamt *Velferðarsviði*, *Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og hjúkrunar-fræðingum grunnskólanna* sem leggja mál inn á fundina.

Ráðgjafateymi sérfræðinga á grunnskóladeild

Þverfaglegt ráðgjafateymi á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs var stofnað um mitt ár 2024. Því er meðal annars ætlað að virkja faglegt og markvisst ferli við úrvinnslu mála er varða einstaklinga

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

og hópa innan grunnskóla bæjarins og í nærumhverfi nemenda. Ennfremur að vinna út frá heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda í gegnum vönduð og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafateymið var stofnað út frá framangreindum leiðum og út frá hugmyndafræði reglugerðar um skólaþjónustu nr. 54 frá 2019. Þar segir:

> Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.
>
> Sérfræðiþjónusta beinist að því að efla grunnskóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi. Einnig að veita og bjóða starfsfólki skólanna verkfæri og aðstoð við störf sín eftir því sem við á meðal annars í samskiptum við foreldra.

Ennfremur:

> Fræðsluyfirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
>
> Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt […] og að hún mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda […].

Líkt og segir hér að framan er hlutverk ráðgjafateymis að stuðla að markvissum stuðningi við faglegt starf grunnskólanna með ráðgjöf, handleiðslu og fræðslu. Markmið sem teymið setti sér í starfi eru að:

- Stuðla að velferð og farsæld allra barna með hugmyndafræði inngildingar að leiðarljósi.
- Auka vægi fyrirbyggjandi aðgerða og tímanlegs stuðnings í málum nemenda í nánu samstarfi við grunnskóla, foreldra og barnið sjálft.
- Taka vel utan um mál innan grunnskóla sem þarfnast þjónustu umfram þá sem veitt er þar og koma þeim í viðeigandi farveg.
- Aðstoða skólana við að verða sjálfbæra í málum sem þeir ráða við.
- Efla og styrkja fjölbreytta fræðslu til starfsfólks grunnskóla, foreldra og nemenda.

Í ráðgjafateyminu starfa atferlisfræðingar, fjölskyldufræðingar, kennslufræðingar og sálfræðingur. Grunnskólar meta sjálfir þörf fyrir aðkomu ráðgjafateymis og senda inn beiðni um stuðning við mál. Á reglulegum fundum ráðgjafateymis eru beiðnir skoðaðar og metið er í hverju máli hvaða sérfræðingar teymisins eru best til þess fallnir að koma að því. Í framhaldi er mál unnið í gagnvirku samstarfi við starfsfólk grunnskóla, foreldra og nemanda/nemendur.

Skólaárið 2025-2026 kom ráðgjafateymið að málum 19 hópa innan grunnskóla, ýmist tímabundið eða yfir allt skólaárið. Ráðgjafar höfðu aðkomu að 76 einstaklingsmálum, þar af voru 7 mál unnin í samstarfi tveggja eða fleiri ráðgjafa. Ráðgjafar komu einnig inn í mál sem bregðast þarf við strax án þess að beiðni sé til staðar. Þau mál eru ekki inni í tölunum hér að framan en oft á tíðum er annar ráðgjafi þegar tengdur inn í málið. Lögð er áhersla á að málum sé fylgt vel eftir af ráðgjafateymi og voru 69 mál frá fyrri skólaárum ýmist áfram í vinnslu eða í eftirfylgni á skólaárinu 2025-2026.

Ráðgjafateymi starfar eftir gæðaviðmiðum varðandi biðtíma og er miðað við að biðtími sé ekki lengri en þrír mánuðir sem náðist í 74% tilvika. Gæðaviðmiðum var náð í 59% tilfella vegna atferlisráðgjafar og í 97% tilfella vegna kennsluráðgjafar. Beiðnir þar sem nothæfar dagsetningar vantar voru ekki teknar með í útreikningnum; þær eru samtals 9 og falla undir báða flokkana hér að ofan.

Auk beinnar aðkomu að málum starfa sérfræðingar í ráðgjafateyminu í þverfaglegum teymum innan Menntasviðs þar sem unnið er að fjölbreyttum verkefnum. Hér má nefna verkefnum tengdum þróun skólastarfs, gerð viðbragðsáætlunar, þróun verkferla, mats á skólastarfi og endurmenntun til starfsfólks grunnskóla. Þá halda ráðgjafar utan um einstaka þróunarverkefni í samstarfi við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

grunnskóla bæjarins og aðra hagaðila sem tengdir eru inn í sértæk verkefni grunnskóladeildar hverju sinni.


Fjölbreyttur menningar- og tungumálabakgrunnur nemenda

Í grunnskólum Kópavogs er fjölbreyttur hópur nemenda af erlendum uppruna. Haustið 2025 voru þeir 782 og hafði fjölgað frá árinu á undan. Á komandi árum má gera má ráð fyrir að þeim fjölgi enn frekar. Taflan hér að neðan sýnir fjölda nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í grunnskólum Kópavogs haustið 2025

Grunnskólar/ heildarfjöldi	Heildarfjöldi allra nemenda með erlendan bakgrunn í grunnskólum Kópavogs 2025-2026	Heildarfjöldi nemenda með erlendan bakgrunn sem dvalið hafa *skemur* en 4 ár á Íslandi	Heildarfjöldi nemenda með erlendan bakgrunn sem dvalið hafa *lengur* en 4 ár á Íslandi
Álfhólsskóli	179	58	121
Barnaskóli Kársness	22	14	8
Hörðuvallaskóli	66	23	43
Kársnesskóli	64	14	50
Kópavogsskóli	83	50	33
Kóraskóli	17	11	6
Lindaskóli	60	27	33
Salaskóli	42	11	31
Smáraskóli	100	20	80
Snælandsskóli	103	11	92
Vatnsendaskóli	46	18	29
Samtals	**782**	257	**526**

Hlutverk kennsluráðgjafa á grunnskóladeild hefur verið að halda utan um að grunnskólar Kópavogs leggi fyrir *Milli mála prófið* sem samið er af dr. Elínu Þöll Þórðardóttur, talmeinafræðingi, og er staðlað málkönnunarpróf sem metur *aldurstengdan námsorðaforða* og *málskilning nemenda* á íslensku. Bent er á að nemandi þurfi að skilja að lágmarki 95 til 98% af orðum sem eru lesin og/eða sögð í skólastofunni til að ná innihaldi þess námsefnis sem rætt er hverju sinni. Rætt er að 95% viðmið séu lágmark fyrir nám og 98% viðmið benda til þess að nemandi ráði við sjálfstæðan lestur. Nái nemandi ekki að skilja níu af hverjum tíu orðum sem lesin eru nær hann ekki efnislegu innihaldi í því sem hann les eða hlustar á og þarf sérstaka íhlutun sem miðar að því að dýpka skilning hans á íslenskri tungu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026



Til hóps barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn heyra:


- Börn sem hafa fæðst erlendis og búa nú á Íslandi.
- Börn sem eiga annað/bæði foreldri af erlendum uppruna.
- Börn sem eiga íslenska foreldra og hafa búið 5 ár eða lengur erlendis og snúa til baka til Íslands.

Milli mála prófið er lagt fyrir á einstaklingsgrunni og munnlega fyrir nemendur í *1., 4., 7. og 9. bekk* sem hafa dvalið *2 ár eða lengur á Íslandi*. Hver fyrirlögn tekur um 40 – 60 mínútur. Fjögur undirpróf eru á prófinu:

- Orðaforði – málskilningur
- Tjáning – orð
- Skilgreiningar á orðum, orðatiltækjum og málsháttum
- Málfræðimat

Þegar prófstöku er lokið eru stig úr hverju undirprófi talin og lögð saman í heildarstigafjölda. Stigin flokkast í þrjá litaflokka; *rauðan*, *gulan* og *grænan* og miðað er við tiltekinn stigafjölda fyrir hvernig árgang; stöðlun prófsins í árgöngum má sjá í töflunni hér til hliðar.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður Milli mála fyrir skólaárið 2025-2026 í grunnskólum Kópavogs. Ljóst er að flestir nemendur koma út á rauðum skala. Það bendir til að leggja beri ríka áherslu á gæðakennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna. Samantekt niðurstaðna á Milli mála prófi 2025-2026 má sjá í töflunni hér að neðan.



Úthlutunarreglur

Í lok árs 2021 var gefinn út endurskoðaður kafli í Aðalnámskrá grunnskóla um íslensku sem annað mál. Nokkrum undirköflum var bætt við kaflann, þeir eru: *Nám og kennsla*, *Menningarlæsi*, *Móttaka nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn* og *Fjöltyngi*. Í fyrsta sinn er sett fram að nemendur með annað móðurmál en íslensku skulu metnir fyrstu tvö til fjögur ár eftir komu til landsins samkvæmt hæfniviðmiðum *Íslensku sem annars máls.* Í viðmiðunarstundaskrá er lagður til tímafjöldi fyrir nemendur á viku út frá því á hvaða stigi þeir eru metnir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

	Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
Nemendur 6-8 ára	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	3-5 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 8-12 ára	9-12 tímará viku	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 12-16 ára	9-12 tímar á viku	8-10 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku

Í ljósi nýrrar viðmiðunarstundarskrár í íslensku sem öðru máli var ákveðið að breyta úthlutunarreglum á Menntasviði Kópavogs til samræmis við hana. Nýjar úthlutunarreglur eru því eftirfarandi:

Úthlutun til nemenda sem búið hafa 4 ár eða skemur á Íslandi

- Nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Hver skóli fær úthlutun sem reiknast út frá fjölda nemenda á hverju aldursstigi og getustigi miðað við hæfniramma um íslensku sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Að jafnaði er nemendum kennt í hópum og í undantekningartilfellum er um einstaklingskennslu að ræða. Því skal miða úthlutun við hópastærð. Nemendur á forstigi og 1. stigi skulu vera fimm (5) eða færri í hópi og nemendur á 2. og 3. stigi skulu vera sjö (7) eða færri í hópi.

Fram hefur komið að tímafjöldi nemenda í íslensku sem öðru máli sé reiknaður út frá viðmiðunarstundaskrá. Þá er úthlutun á hvern nemanda með annað móðurmál en íslensku skilgreind sem utanumhald um kennslu í hverjum grunnskóla.

- Úthlutun til skóla vegna móttöku nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, námsmats þeirra, skipulags kennslu og ráðgjafar til kennara.
- Hver skóli fær úthlutað samkvæmt fjölda nemenda af erlendum uppruna þeim afgangi sem verður á fjármagni þegar lokið er úthlutun á grundvelli viðmiðunarstundaskrár.

Á menntasviði starfa tveir kennsluráðgjafar að málefnum barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn; þeir:

- Eru ráðgefandi í málaflokknum þvert á skólastig og í starfi frístunda- og félagsmiðstöðva.
- Halda utan um tölulegar upplýsingar tengdar málaflokknum.
- Koma að móttöku nýrra barna og fjölskyldna í sveitarfélaginu.
- Sjá um að gátlistar vegna móttöku séu aðgengilegir og uppfærðir reglulega.

Upplýsingatækni í skólastarfi

Kennsluráðgjöf vegna upplýsingatækni í skólastarfi felst jöfnum höndum í ráðgjöf um val og notkun stafrænna lausna í námi og kennslu og innleiðingu sértæks tæknibúnaðar fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda í námi. Þá er veitt ráðgjöf um aðlögun stafræns námsumhverfis að þörfum nemenda með áherslu á aðgengi, þátttöku, nám og farsæld þeirra. Í grunnskólum okkar eru starfandi deildarstjórar eða verkefnastjórar UT sem veita að jafnaði faglega ráðgjöf innan skólanna um stafrænt námsumhverfi og fá stuðning frá verkefnastjóra UT og kennsluráðgjafa UT á grunnskóladeild við það.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti

Hjá skólaþjónustu grunnskóladeildar starfa tveir sérfræðingar í *forvarnarteymi* sem er í virku samtali og samvinnu við ráðgjafateymi grunnskóladeildar. Forvarnarteymið heldur námskeið í grunnskólum fyrir nemendahópa með hegðunar- og tilfinningavanda þar sem markmiðið er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka skilning þeirra á eigin hegðun, efla með þeim samkennd, bæta samskiptahæfni, ýta undir jákvæð viðhorf til annarra og auka vellíðan þeirra sjálfra. Forvarnarteymið sinnir einnig ráðgjöf við foreldra einstakra nemenda og ræðir við og fræðir foreldrahópa um mál sem viðkoma skólastarfi.

Skólaárið 2025-2026 kom forvarnarteymið að fjölbreyttum verkefnum með foreldrum og nemendum. Samtals sóttu 79 nemendur námskeið hjá teyminu sem haldin voru í 10 grunnskólum. Teymið tók 73 ráðgjafasamtöl við foreldra í tengslum við námskeiðin og hélt níu fyrirlestra um forvarnir; sex fyrir foreldra og þrjá fyrir starfsfólk grunnskóla. Eftirspurn eftir aðkomu forvarnarteymis hefur aukist og veitti það stuðning og ráðgjöf í sex skipti inn í grunnskóla sveitarfélagsins skólaárið 2025-2026.

Námskeið	**2021-2022**	**2022-2023**	**2023-2024**	**2024-2025**	**2025-2026**
Samtals fjöldi nemenda	75	89	68	73	79

Fagteymi um réttindi og velferð barna

Tvö *fagteymi um réttindi og velferð barna* voru stofnuð í samstarfi við Arnarskóla árið 2022. Fagteymin eru samráðsvettvangur grunnskóla í Kópavogi, grunnskóladeildar og Arnarskóla um mál nemenda sem sýna áskoranir í hegðun og/eða eru í viðkvæmri stöðu.

Í Kópavogi starfa tvö teymi; *efra og neðra fagteymi*. Í hvoru fyrir sig sitja einn til tveir fulltrúar þeirra grunnskóla sem tilheyra bæjarhlutanum auk fagaðila frá Arnarskóla og grunnskóladeild. Foreldrar eru ávallt upplýstir um vinnslu máls og fulltrúi grunnskólans tekur málið fyrir í fagteyminu. Á þeim fundum eru lýsingar á atvikum innan skólanna rýndar og einstaklingsbundnar áætlanir unnar með það að markmiði að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.

Markmið fagteymanna er að koma til móts við þarfir nemenda á sama tíma og velferð þeirra er tryggð. Þá veita fagteymin ráðgjöf til skóla um faglega úrvinnslu mála þegar upp koma tilvik þar sem beita þarf líkamlegu inngripi og/eða hefta þarf frelsi nemenda til að tryggja öryggi þeirra sjálfra, annarra og starfsfólks. Slík tilvik geta komið upp þegar nemandi á erfitt með að stjórna tilfinningum sínum eða hegðun með þeim afleiðingum að hætta getur skapast fyrir hann sjálfan eða aðra. Í þeim tilfellum geta skapast aðstæður þar sem réttindi nemandans skarast á við velferð hans og öryggi.

Fagteymin veita ráðgjöf til skóla um faglega úrvinnslu mála þar sem foreldrar og skólar telja rétt að skerða skóladag nemenda tímabundið. Þegar skóladagur er skertur skarast réttur nemanda til skólasóknar á við velferð hans (skólasókn er rædd sérstaklega aftar í skýrslunni). Því þurfa slíkar ákvarðanir að vera byggðar á faglegu mati starfsfólks í fagteyminu, hagsmunum barnsins, vera tímabundnar og sæta reglulegu endurmati. Framar öðru þarf að tryggja réttindi nemenda til skólasóknar og markmiðið er að draga úr þörf fyrir þessar ráðstafanir og tryggja viðeigandi stuðning til að nemandinn komi til baka og taki virkan þátt í skólastarfi á ný. Það er gert í góðri samvinnu og samstarfi við nemandann sjálfan, foreldra og grunnskólann.

Vakin er athygli á því að fagteymið er fyrst og fremst samráðsvettvangur sem stendur vörð um einstaka nemendur og skólasamfélagið í heild sinni. Því er ætlað að:

- Að standa vörð um réttindi og velferð nemenda.
- Að stuðla að faglegum vinnubrögðum grunnskóla við krefjandi aðstæður.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Að rýna sérstaklega eigin vinnubrögð.

Vakni grunur um að starfsmaður hafi brotið af sér í starfi í samskiptum við nemanda og/eða nemendur fer mál hans í annan farveg.

Góður grunnur – stuðningur við upphaf skólagöngu

Á nýliðnu skólaári var áfram unnið með *Góðan grunn* í fimm grunnskólum Kópavogsbæjar; *Álfhólsskól*a, *Hörðuvallaskóla*, *Kópavogsskóla*, *Smáraskóla* og *Snælandsskóla.* Markmiðið er að meta faglega þarfir nemenda og veita í kjölfarið tímanlegan stuðning til þeirra sem á þurfa að halda í 1. og 2. bekk.

Áhugavert er að kennarar, deildarstjórar stoðþjónustu, stjórnendur og sérfræðingar menntasviðs unnu saman að mótun sameiginlegs verklags um mat á tímanlegum stuðningi við nemendur. Það felur í sér að horft er til fyrirliggjandi gagna um hljóðkerfisvitund nemenda út frá Hljóm-2 sem mælt er í leikskóla, horft er til fín- og grófhreyfinga og félagslegrar hæfni og í kjölfarið er unnið er mat á stuðningsþörfum, skipulags kennslu og úrræða, samstarfs fagstétta og eftirfylgdar. Verklagið gerir ráð fyrir að stuðningur sé skipulagður í lotum og að kennsla og úrræði séu endurskoðuð á grundvelli þeirra gagna sem safnast yfir tíma; til að mynda í lesfimihluta Matsferils og seinna í lesskilningi og stærðfræði í gegnum Matsferil.

Góður grunnur styður beint við Menntastefnu Kópavogsbæjar til 2030 með áherslu á nám við hæfi; læsi, inngildandi skólastarf og faglegt samstarf. Með sameiginlegu verklagi og rýni á stöðu og framvindu nemenda, sveigjanlegt skipulag kennslu og stigskiptan stuðning er lagður grunnur að því að bregðast snemma við þörfum nemenda og tryggja þeim viðeigandi stuðning.

Á yfirstandandi skólaári verður áfram unnið að því að festa samræmt verklag í sessi í þeim grunnskólum sem taka þátt í *Góðum grunni*, styrkja skráningu, eftirfylgd og miðla reynslu. Jafnframt verður skilgreint hvernig fylgjast skuli með framkvæmd verklagsins og með hvaða hætti meta eigi áhrif þess á nám og vellíðan nemenda til lengri tíma. Á þessu stigi hafa áhrif verkefnisins á námsárangur og/eða vellíðan nemenda ekki verið metin heildstætt þvert á skóla; þó virðast mælingar á lesfimi í einum grunnskóla gefa vísbendingar um að verklag *Góðs grunns* styrki lestur og læsi nemenda á yngsta stigi.

Atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla sem finna sig ekki í hefðbundnu námi og/eða líður illa í skóla. Samkvæmt grunnskólalögum er horft til þess að atvinnutengt nám komi í stað skyldunáms í grunnskóla í formi námsvals og sé að hámarki 8 klukkustundir á viku á starfstíma skólans. Litið er svo á að á móti hverri klukkustund í starfi liggi 60 mínútur í námi eða sem svarar einni og hálfri kennslustund. Atvinnutengdu námi er ætlað að styðja við einstaklingsmiðað nám og gefa nemendum kost á að kynnast atvinnulífinu og búa þá undir þátttöku í samfélaginu til framtíðar. Atvinnutengt nám getur eflt áhuga nemenda á almennu námi, aukið sjálfstraust og bætt líðan þeirra í skólaumhverfinu. Verkefnið er samstarfsverkefni grunnskóladeildar, grunnskóla og Vinnuskóla Kópavogsbæjar.

Á skólaárinu 2025–2026 voru 18 nemendur í atvinnutengdu námi á ýmsum stöðum. Í töflu hér að neðan má sjá þróun þátttöku á síðustu árum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólaár	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Fjöldi nemenda	23	29	41	20	18

Sjúkrakennsla

Samkvæmt lögum um grunnskóla er skólinn vinnustaður nemenda. Þeir sem geta ekki tekið þátt í almennu skólastarfi vegna langvarandi veikinda og/eða slysa eiga kost á tímabundinni sjúkrakennslu. Umfang kennslunnar ræðst af aðstæðum og er hún skipulögð í samvinnu við foreldra, nemandann og skólann. Þegar rætt er um sjúkrakennslu er vert að hafa í huga að skólum ber að veita nemendum kennslu við hæfi og að nám þeirra sé heildstætt.

Færst hefur í vöxt að óskað sé eftir sjúkrakennslu vegna andlegra veikinda, þá oftast vegna hamlandi kvíða og/eða vanda með skólasókn. Í slíkum tilvikum er veitt heimild til tímabundinnar sjúkrakennslu ef málið er metið svo að þetta sé hjálpleg leið til að mæta þörfum nemandans. Með þessu er honum gert auðveldara fyrir að taka hæfileg skref inn í almennt skólastarf á ný eftir fjarveru. Einstaklingsbundið er hvort markmið um virkni í námi og starfi takist með þessu móti og því þarf að endurskoða íhlutun.

Skólaárið 2025-2026 fengu 10 nemendur sjúkrakennslu til lengri eða skemmri tíma. Skólaárið þar á undan fengu 12 nemendur sjúkrakennslu og 18 nemendur nutu sjúkrakennslu skólaárið 2023-2024 í grunnskólum Kópavogs. Sjá má þróun á þátttöku í sjúkrakennslu í töflunni hér að neðan.

Skólaár	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Fjöldi nemenda sem nutu sjúkrakennslu	7	12	18	12	10

Vandi með skólasókn

Verkefnastjóri skólaþjónustu, verkefnastjóri náms og velferðar og deildarstjóri grunnskóladeildar taka á móti og fara yfir *skráningar grunnskóla um ófullnægjandi skólasókn nemenda*. Þeir vinna samhliða grunnskólum og með foreldrum að því að leita lausna um hvernig farsælt sé að vinna nemendur sem hafa takmarkaða mætingu aftur inn í skólana. Samantekt á skráningum hófst á vormisseri 2022. Það ár var tæplega hálft skólaár undir og því eru fjöldatölur frá þeim tíma ekki áreiðanlegar. Þetta fyrsta misseri gaf þó sterkar vísbendingar um að nauðsynlegt væri að halda utan um skráningar nemenda sem ekki mæta í skóla tímabundið eða til lengri tíma og að veita stuðning við leiðir til að mæta þessum einstaklingum þannig að þeir verði virkir í lífi og starfi til framtíðar.

Ófullnægjandi skólasókn	Fjöldi skráninga	Fjöldi nemenda
2022-2023	100	98
2023-2024	259	245
2024-2025	402	390
2025-2026	426	395*

*Talning er ónákvæm

Skólaárið 2025-2026 fjölgaði skráningum um ófullnægjandi skólasókn um tæp 9% frá árinu á undan. Skráningar koma úr öllum árgöngum grunnskólans og það er nokkuð breiður hópur nemenda sem fellur undir þær; allt frá nemendum sem ekki hafa sótt skóla í nokkurn tíma til afrekseinstaklinga í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

íþróttum og tónlist. Vert er að benda á að hluti skráninga er tilkominn vegna þess að nemandi nær viðmiðum Kópavogsbæjar um fjölda daga/kennslustunda í fjarveru. Skólinn telur að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af vanda með skólasókn/skólaforðun hjá flestum nemendum á sama tíma og þeir fylgja viðmiðum um skráningu. Hér er átt við:

- Samþykkt leyfi vegna fjölskylduferðar eða dvalar erlendis
- Afreksíþróttir; keppnis- og/eða æfingaferðir
- Skammtímaveikindi sem dreifast yfir skólaárið (getur gefið ákveðnar vísbendingar)
- Tímabundin veikindi eða læknisfræðilegar aðgerðir sem eru mikilvægar

Í flestum tilfellum er góð samvinna við foreldra þeirra nemenda sem skráningar eiga við um. Því þarf að gæta sérstaklega að því að ekki sé sjálfkrafa litið á *tölulegt þrep í viðbrögðum við ófullnægjandi skólasókn* sem skólaforðun heldur að ræða frekar *ófullnægjandi skólasókn með skýrum orsökum*. Á móti kemur að það getur verið óþægilegt fyrir einhverja nemendur að koma til baka eftir fjarveru frá skóla og þá geta myndast þannig aðstæður að þeir þrói með sér vanda með skólasókn. Því er mikilvægt er að greina á milli *formlegs þreps samkvæmt viðmiðunarreglum* og *faglegs mats á eðli vandans*.

Hér að neðan má sjá heildarfjölda skráninga um ófullnægjandi skólasókn nemenda í hverjum árgangi grunnskólans fyrir skólaárið 2025-2026.

Árgangur	Fjöldi skráninga	Heildarfjöldi	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	16	467	3,4%
2. bekkur	8	453	1,8%
3. bekkur	13	432	3,0%
4. bekkur	22	468	4,7%
5. bekkur	37	475	7,8%
6. bekkur	37	475	7,8%
7. bekkur	33	520	6,3%
8. bekkur	93	524	17,7%
9. bekkur	71	516	13,8%
10. bekkur	96	566	17,0%
SAMTALS	**426**	**4896**	**8,70%**

Bilið á milli drengja og stúlkna sem fá skráningar um ófullnægjandi skólasókn hefur breikkað lítillega á milli ára. Á nýliðnu skólaári var hlutfall drengja 55% (53% 2024-2025) og stúlkna 45% (47% 2024-2025) af heildarfjölda skráninga.

Hlutfall nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sem skráningar bárust um er það sama og árið á undan og eru í grunnskólum Kópavogs eða rétt um 13% af heildarfjölda nemenda.

Hluti nemenda nær *4. og 5. þrepi skráninga um ófullnægjandi skólasókn* vegna *samþykktra leyfa*, *skammtímaveikinda*, *fjölskylduferða*, *afreksíþrótta* (í allt 13 nemendur sem svarar um 3,2% skráninga) eða *tímabundinna heilsufarslegra* þátta, án þess að vísbendingar séu um vanda með skólasókn. Í öðrum málum bera lýsingar skólanna með sér vaxandi eða langvarandi vanda þar sem nemendur eiga erfitt með að mæta í skólann, koma sér af stað á morgnana, taka þátt í kennslustundum eða viðhalda tengslum við skólasamfélagið vegna náms og kennslu.

Skólaárið 2025-2026 voru nemendur í grunnskólum Kópavogs fjarverandi vegna ófullnægjandi skólasóknar í rúmlega 69,5 grunnskólaár samanborið við 64,1 grunnskólaár árið á undan þrátt fyrir að nemendum í sveitarfélaginu hafi fækkað lítillega á milli skólaára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Námskeið fyrir börn og foreldra

Menntasvið og Velferðarsvið bjóða í sameiningu upp á kvíðanámskeið fyrir börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra. Námskeiðin eru meðferðarúrræði sem ýmist er ætlað til að þjálfa börn í að takast á við áskoranir svo þær trufli sem minnst í daglegu lífi eða til að fræða foreldra í að styðja við barn sitt í aðstæðum sem getur verið flókið að takast á við.

Klókir litlir krakkar er námskeið fyrir foreldra 3-7 ára barna með kvíðaeinkenni. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárin 2023-2024 og 2024-2025 voru haldin tvö námskeið hvort ár. Þetta námskeið hefur verið lagt af og í stað þess er komið námskeið um foreldramiðað HAM (hugræn athyglismeðferð), sjá hér neðar.

Klókir krakkar er námskeið ætlað 8-12 ára börnum með kvíðaeinkenni og foreldrum þeirra. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2024-2025 voru haldin tvö námskeið og skólaárið 2025-2026 var haldið eitt námskeið að hausti 2025.

Foreldramiðað HAM er ætlað foreldrum 6-12 ára barna sem sýna einkenni kvíða. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2025-2026 var námskeiðið haldið í fyrsta sinn og keyrt í eitt skipti. Námskeiðið tekur við af *Klókum krökkum* sem nefnt er hér að framan.

Haltu kúlinu er námskeið ætlað 13-16 ára unglingum með kvíðaeinkenni og foreldrum þeirra. Ekki hefur verið hægt að halda þetta námskeið síðustu árin því einstaklingar eru minna tilbúnir til þátttöku en áður. Unnið er að endurskoðun á þessu námskeiði.

Grunnskóladeild hefur sett sér það gæðaviðmið að foreldrar sem sækja um framantalin námskeið fyrri hluta árs komist að á komandi haustönn og að foreldrar sem sækja um seinni hluta árs komist að á komandi vorönn í 80% tilvika. Það náðist í 25% tilvika hjá þeim sem sóttu um *Klóka krakka á haustönn 2025.* Á vorönn var haldið námskeiðið *Foreldramiðað HAM* og náðist markmiðið í 100 % tilvika.

Uppeldi barna með ADHD

Námskeiðið felur í sér fræðslu um ADHD og uppeldisaðferðir sem henta börnum með einkenni ADHD. Markmiðið er að foreldrar tileinki sér hagnýtar og gagnreyndar uppeldisaðferðir sem nýtast til lengri tíma fyrir börnin.

- Haldin voru tvö námskeið á vegum Menntasviðs skólaárið 2025-2026 fyrir foreldra 8-10 barna á hvort námskeið.

Grunnskóladeild hefur sett sér það gæðaviðmið að foreldrar sem sækja um námskeið um uppeldi barna með ADHD fyrri hluta árs komist að á næstu haustönn og að foreldrar sem sækja um á seinni hluta árs komist að á næstu vorönn. Það markmið náðist í 11% tilvika á haustönn og í engu tilviki á vorönn. Gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í 80% tilvika. Ljóst er að langur biðlisti hefur myndast eftir þessu námskeiði og mikilvægt er að fjölga námskeiðum.

Sérdeildir

Eftirspurn eftir sérhæfðri ráðgjöf frá fagfólki sérdeilda Kópavogs hefur aukist ár frá ári. Grunnskólar leita eftir ráðgjöf frá ráðgjöfum sérdeilda til að mæta þörfum nemenda með stuðningsþarfir innan almennra skóla betur en áður. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að bregðast við aukinni eftirspurn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

með úthlutun tíma til einhverfudeilda Álfhólsskóla og Salaskóla til ráðgjafarstarfa í öðrum grunnskólum.

Ráðgjöfin hefur reynst farsæl og starfsfólk grunnskóla fundið fyrir stuðningi við að efla þjónustu við nemendur með fjölbreyttar stuðningsþarfir. Á síðasta skólaári fengu Álfhólsskóli og Salaskóli hvor um sig úthlutuðum 13 kennslustundum á viku til ráðgjafar.

Sérdeild í Álfhólsskóla

Sérdeild Álfhólsskóla er fyrir nemendur sem greindir eru með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi. Hlutverk deildarinnar er að bjóða nemendum nám og námsumhverfi við hæfi. Námið fer fram samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu hvers nemanda.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu. Allir nemendur sérdeildar eru skráðir í almenna bekki og markvisst er unnið að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Einhverfudeild Álfhólsskóla starfar þrískipt, ein deild á yngsta stigi, ein á miðstigi og ein á unglingastigi. Í deildinni voru samtals 30 nemendur skólaárið 2025-2026 og sú tala er hæfileg miðað við umfangið.

Einhverfudeild	**2021-2022**	**2022-2023**	**2023-2024**	**2024-2025**	**2025-2026**
Samtals fjöldi nemenda	31	31	30	30	30

Sérdeild í Salaskóla

Sérdeild Salaskóla er fyrir nemendur sem greindir eru með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi. Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum nám og námsumhverfi við hæfi. Námið er byggt á kennslufræðilegri einstaklingsnámskrá sem horfir til náms- og þroskastöðu hvers nemanda.

Meginmarkmið *Sérdeildar Salaskóla* er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu. Allir nemendur eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og í sameiginlegum athöfnum skólans á einstaklingsgrunni.

Skólaárið 2025-2026 voru 10 nemendur skráðir í sérdeild Salaskóla líkt á árin á undan. Þessi nemendafjöldi er hæfilegur fyrir þessa sérdeild.

Einhverfudeild	**2021-2022**	**2022-2023**	**2023-2024**	**2024-2025**	**2025-2026**
Samtals fjöldi nemenda	10	10	10	10	10

Námsver, sérdeild í Kópavogsskóla

Hlutverk *Námsvers* í Kópavogsskóla er að veita nemendum með skilgreindar stuðningsþarfir í 5. til 10. bekk nám við hæfi. Foreldrar geta sótt um námsvist fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að nám og kennsluhættir í almennri bekkjardeild mæta ekki þörfum þess. Allir nemendur eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans á einstaklingsgrunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólaárið 2025-2026 voru 12 nemendur skráðir í Námsver Kópavogsskóla sem er hæfilegur fjöldi fyrir þessa sérdeild.

Námsver	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Samtals fjöldi nemenda	13	12	12	12	12

Smiðjan, sérdeild í Snælandsskóla

Hlutverk *Smiðjunnar* í Snælandsskóla er að veita nemendum með skilgreindar stuðningsþarfir í 8. til 10. bekk nám við hæfi hvers og eins. Foreldrar geta sótt um námsvist fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að nám og kennsluhættir mæta ekki þörfum þess í almennu bekkjar- og/eða hópastarfi. Allir nemendur Smiðju eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans á einstaklingsgrunni.

Skólaárið 2025-2026 voru 12 nemendur skráðir í *Smiðjuna* sem er hæfilegur fjöldi fyrir þessa sérdeild.

Smiðja	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Samtals fjöldi nemenda	12	12	12	12	12

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Lögum samkvæmt ber grunnskóladeild að sinna skólaþjónustu við Waldorfskólann í Lækjarbotnum í formi fræðslu, ráðgjafar og stuðnings við starfsfólk skólans, foreldra og nemendur. Á síðasta skólaári hélt grunnskóladeild bæði erindi og námskeið í skólanum auk þess að funda með foreldrum og starfsfólki skólans um viðkvæm mál tengd nemendum.

Deildarstjóri og verkefnastjórar grunnskóladeildar taka þátt í nemendaverndarráðsfundum og eru ráðgefandi í málum einstakra barna.

Þá er árlega veitt náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur í 10. bekk sem náms- og starfsráðgjafi frá Menntaskóla Kópavogs heldur utan um í samstarfi við grunnskóladeild.

Á undanförnum árum hafa nemendur í efri árgöngum Waldorfskólans verið lestrarprófaðir utan stöðlunartíma Lesferils (nú lesfimi Matsferils). Þá var Waldorfskólinn hvattur til að leggja Matsferil Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) fyrir nemendur í 4. til 10. bekk vorið 2026 rétt eins og gert var í öðrum skólum í Kópavogi.

Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

Vorið 2026 voru lögð fyrir nemendur í 4. til 10. bekk grunnskóla í Kópavogi svokölluð stöðu- og framvinupróf í lesskilningi og stærðfræði sem unnin voru og stöðluð af MMS. Upphaflega stóð til að sveitarfélög hefðu beinan aðgang að niðurstöðum sinna skóla þegar þær lægju fyrir til að geta unnið úr þeim; fundið styrkleika grunnskólanna og veika punkta einnig. Þegar þetta er skrifað hafa niðurstöður ekki birst og því hafa möguleikar á úrvinnslu ekki raungerst. Nú standa vonir til þess að í byrjun næsta árs verði niðurstöður aðgengilegar öllum sveitarfélögum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Viðbætur og lokaorð

Skýrsla um niðurstöður PISA 2022 frá 2023 bendir á að kjarni skólastarfs fari fram í virkum samskiptum kennara og nemenda og því þurfi kennsluhættir, stoðþjónusta og önnur starfsemi að miða að því að styrkja það starf. Þá er bent á að mikilvægast sé að samvirkni, fagmennska, þekking og gæði einkenni starfið á öllum stigum.

Nýleg skýrsla um niðurstöður PISA 2025 bendir á að þrátt fyrir áskoranir á landsvísu í lesskilningi, stærðfræði og náttúruvísindum komi fram styrkleikar hjá íslenskum nemendum á öðrum sviðum. Hér ber helst að nefna:

- Nemendur sýna almennt þrautseigju í námi
- Félagsleg tengsl nemenda við grunnskólann eru sterk
- Nemendur upplifa stuðning frá kennurum sínum
- Sjálfstjórn nemenda er góð
- Nemendum finnst þeir tilheyra skólasamfélaginu
- Tilkynningar um einelti í grunnskóla eru færri en að jafnaði í öðrum OECD löndum

Niðurstöður PISA 2025 benda ótvírætt til þess að styrkja þurfi nemendur í lesskilningi og stærðfræði á Íslandi. Þá eru áhyggjur af nemendum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn; þeim þurfi að mæta með sértækum aðgerðum til að bæta stöðu þeirra í íslensku. Bent er á að sérhæfingu vanti hjá kennurum til að mæta þessum nemendum með markvissum og faglegum hætti og að efla þurfi stuðning við þá. Það má því líta svo á að verið sé að byggja upp grunnskóla sem leggja áherslu á velferð, félagsleg tengsl og stuðning við nemendur. Gæta þarf að því að sú mikilvæga áhersla sé ekki á kostnað grunnfærni í námi í lestri, læsi og lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði.

Nemendur eiga það skilið að þeim sé mætt af hæfu starfsfólki í grunnskólum sem hafa væntingar til þess að þeir séu virkir í námi og hafi framtíðarsýn. Þar eru vel menntaðir kennarar í lykilstöðu til að takast á við fjölbreyttan nemendahóp. Þetta er áskorun í skólastarfi í dag; bæði í Kópavogi sem og annars staðar á landinu og víða um heim. Því er mikilvægt að okkur takist að laða til okkar og halda vel menntuðum einstaklingum sem eru tilbúnir til að helga sig starfinu og takast á við menntun barna til framtíðar. Kennarastarfið er heillandi; það felur í sér bæði áskoranir og jákvæða upplifun.

Á yfirstandandi skólaári liggja áherslur grunnskóladeildar einkum í sex þáttum tengdum skólastarfinu:

- *Að halda áfram að styrkja grunnfærni í lesskilningi, stærðfræði og náttúruvísindum* í gegnum auknar áherslur í lestri og læsi. Þetta er meðal annars gert með það langtímamarkmið í huga að fjölga í hópi nemenda í grunnskólum í Kópavogi sem ná hæsta hæfniþrepi á PISA vorið 2029.
- *Að efla stuðning við nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn* því niðurstöður *Milli mála* sýna að íslenskukunnáttu sé ábótavant. Þá hafa opinber gögn (sjá t.d. þingskjal nr. 834 frá 2022) sýnt okkur að efla þurfi þátttöku þeirra í íþrótta- og tómstundastarfi.
- *Að draga úr rofi á skólatengslum/efla skólasókn* því gögnin sýna að áskoranir í skólasókn aukast við skil á milli allra skólastiga; sérstaklega frá miðstigi yfir á unglingastig. Áhersla verður lögð á snemmtækar íhlutanir, samræmd vinnubrögð á milli skóla og aukið samstarf við heimili.
- *Að tryggja að stafræn þróun styðji við nám fremur en tæknin ein og sér* því greiningarvinna bendir til að áhersla þurfi að vera á *gæði kennslu* og *notkun stafrænna kennslugagna* til að styðja við nám fremur en að fjarlægja þau úr skólastarfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- *Að viðhalda og efla styrkleika sem niðurstöður PISA sýna á landsvísu* um góð félagsleg tengsl, stuðning frá kennurum, sjálfstjórn, takmarkað einelti og sterka tilfinningu fyrir því að tilheyra.
- *Að vinna að þróun stafræns innra mats grunnskóla* ásamt því að *starfsáætlanir grunnskóla* færist yfir á *stafrænt form.* Þessar aðgerðir munu leiða af sér *hagræðingu í starfi* bæði hvað varðar grunnskólann sem og starfsfólk grunnskóladeildar.

Að öllu framansögðu munu áherslur grunnskóladeildar á yfirstandandi skólaári miða að því að styðja áfram með faglegum hætti við námsárangur, vellíðan og jöfnuð nemenda. Samhliða verður unnið að auknum stuðningi við fjölbreyttan nemendahóp og að bættri skólasókn.

Áhersla verður lögð á félagslega sterkt skólasamfélag og að stafræn þróun styðji við gæði náms og kennslu. Og, síðast og alls ekki síst, verður unnið að gæðaþróun og skilvirkri stjórnsýslu með stafrænu innra mati og starfsáætlunum.

Fyrst og síðast horfum við til framsækins skólastarfs þar sem námsárangur, vellíðan, jöfnuður og gæði fara saman.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
deildarstjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026